


Fræðslufundur SI um reglur sem gilda um sölu vöru og þjónustu

Skiptir máli við hvern er samið?



Reglur sem gilda um sölu á vöru og þjónustu

Dagskrá

- Sala á vöru og þjónustu
- Hvenær er vara eða þjónusta gölluð?
- Upplýsingaskylda þess sem selur vöru og þjónustu
- Kostnaðaráætlunir

Grunnskilgreiningar

- **Neytandi:** Einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, **enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.**
 - Félag sem kemur fram fyrir hóp neytenda (húsfélög) (**KVP nr. 107/2020**)
- **Fyrirtæki:** Einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem **stunda atvinnurekstur.**
- **Atvinnurekstur:** hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Sala á vöru og þjónustu

Við sölu á vöru og þjónustu reynir á mismunandi reglur eftir því hver **viðsemjandi** er:

- **Neytandi:**

- Lög um neytendakaup nr. 48/2003 - ófrávíkjanlegt
- Lög um þjónustukaup nr. 42/2000 – ófrávíkjanlegt

- **Fyrirtæki:** Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 - frávíkjanlegt

- Staðlar: Verkframkvæmdir (ÍST 30:2012), Hönnun og ráðgjöf (ÍST 35:2018),
- *Hið opinbera* - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016

Sala á vöru og þjónustu

Og hvert efni samninganna er;

- Þjónustukaup
 - 1. gr. þkpl. - Kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni (upptalning í fjórum töluliðum)
 - Húsaleiga eða sala á þjónustu (t.d. **H 2/2021** Geymslur ehf.)
- Neytendakaup
 - Þjónusta eða neytendakaup
 - **KVP 143/2020** Kaup á gleri = Neytendakaup
 - **KVP 107/2020** Kaup á gleri + uppsetning = Þjónustukaup
- Lausafjárkaup
 - Hérð. E- 531/2016 – Veggeiningar

Hvenær er vara eða þjónusta gölluð?

Gallahugtakið

Greiðsla er gölluð í skilningi kröfuréttar ef hana skortir þá eiginleika sem seljandi vöru og þjónustu hefur heitið kaupanda með beinum eða óbeinum hætti, eða þegar greiðslu skortir eiginleika, sem kaupandi mátti við samningsgerð af öðrum ástæðum ganga út frá að hún hefði.

Galli á seldri þjónustu til neytanda

Þjónustukaup

Þjónustukaup (9. gr. þjkpl.).—Seld þjónusta telst gölluð ef:

- árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta vÍkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,
- seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrirkaupum á þjónustu,
- seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins.
- þjónustan felur í sér hættu á líkams-eða eignatjóni,
- árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja máorsök þess til vanrækslu seljanda,
- **seld þjónusta vÍkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um**

Galli á seldri þjónustu til neytanda

KVP nr. 78/2020- Hársnyrtipjónusta

- Neytandi kvartaði yfir hársnyrtipjónustu
 - Hár brann og litur rangur
- Hársnyrtir veitti ráðgjöf um að litur sem óskað var eftir væri ekki sambærilegur
- Skorti sönnun fyrir því að bruna í hári mætti rekja til þjónustu
- Ekki hægt að líta svo á að árangur þjónustunnar hefði verið í ósamræmi við það sem samið var og upplýst var um.

Galli á seldri þjónustu til neytanda

KVP nr. 76/2020 – Gluggar/pakviðgerð

- Neytandi kvartaði vegna viðgerðar á þaki og skipta út gluggum
 - Samningur komst á í kjölfar tilboðs í verk
- Neytandi hélt því fram að um galla væri að ræða:
- „Samkvæmt 5. tölu. 1. mgr. 9. gr. þkpl. verður þjónusta, með tilliti til notagildis, að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda, enda uppfylli hún eðlilegar kröfur. Strangari kröfur eru gerðar við mat á galla ef neytandi er sérfræðingur á sínu sviði líkt og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl.“
- Meginreglan að neytandi ber sönnunarbyrði fyrir því að seld þjónusta sé haldin galla þegar áhættan af hinni seldu þjónustu hefur flust til neytandans.
 - Kaupandi gat ekki sannað að þeir annmarkar sem hann taldi að væru á verkinu væru til staðar

Galli á vöru seldri til neytenda

Neytendakaup

Neytendakaup (16. gr. nkpl.).–Söluhlutur telst vera gallaður ef:

- hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
- seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

Galli á vöru seldri til neytenda

Hrd. 521/2011- Glerhandrið

- Neytandi krafðist skaðabóta vegna glerhandriðs og tjóns af völdum handriðsins
- Matsgerð sem var ekki hnekk, staðfesti að söluhlutur hafði ekki þá eiginleika að bera sem kaupandi hafði mátt vænta við kaupin.
- Handriðið gallað og bótaábyrgð staðfest.

Galli kemur upp í viðskiptum á milli fyrirtækja

Lausafjárkaup

Lausafjárkaup, sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr. Ikpl.–

- Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.
- Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:
 - a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til; **(almenna gallahugtakið)**
 - b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita umþegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haftsanngjarna ástæðu til þess; **(sérstaka gallahugtakið)**
 - c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
 - d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann

H 411/2016- Gölluð vélasamstæða

- Seljandi höfðaði mál á hendur T ehf. um greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs á vélasamstæðu.
- T ehf. krafðist sýknu og skaðabóta þar sem vélasamstæðan hefði verið gölluð.
- T ehf. gat ekki sannað að vélasamstæðan hefði verið gölluð við afhendingu eða að gallinn væri kominn til vegna vanrækslu seljanda.
- T ehf. þurfti að greiða eftirstöðvar kaupverðs.

Galli kemur upp á verki skv. verksamningi

Önnur tilvik

- Verksamningar
- ÍST:30 2012 – gr. 4.5.2
 - „Verktaki skal á sinn kostnað bæta úr öllum göllum á verkinu sem í ljós koma á ábyrgðartímanum og stafa af því að efni og vinna var lakari en skylt var eftir samningi, enda hafi verkkaupi gert athugasemdir við galla innan hæfilegs tíma eftir að hann varð þeirra var“
- Frestur til að bera fyrir sig galla
 - Skaðabætur innan samninga
 - ATH þó sérfræðiábyrgð - Skaðabætur utan samninga

Heimildir vegna galla

Ef galli, þá hvað?

- **Neytendakaup- 26. gr.**
 - Haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
 - Valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
 - Krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
 - Krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
 - Krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.
- **Þjónustukaup 11.gr. -16.gr.**
 - Úrbótaskylda seljanda
 - Afsláttur
 - Riftun
 - Skaðabætur
 - Úrbótaréttur seljanda þjónustu

Frestur til að bera fyrir sig galla

- **27. gr. nkpl – 2 ár**

- Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan **tveggja ára** frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla **fimm ár** frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

- **17. gr. þkpl. – 2 ár**

- Ef neytandi kvartar ekki innan **tveggja ára** frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi þjónustu hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.
- á ekki við ef seljandi þjónustu hefur brotið gegn almennum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.
 - **KVP nr. 107/2020 (Gallar á gluggum)**

Frestur til að bera fyrir sig galla frh.

- **32. gr. Ikpl. – 2 ár / 5 ár**

- Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan **tveggja ára** frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.
- Við sölu á byggingarefni, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er frestur til að bera fyrir sig galla **fimm ár** frá því að efninu var veitt viðtaka.

Upplýsingaskylda þess sem selur vöru og þjónustu

Staða samningsaðila og sérþekking þeirra

- Í öllu lagabálkum er gerð krafa um upplýsingaskyldu seljanda.
 - Annmarki á upplýsingaskyldu getur annars vegar verið vanræksla á að gefa upplýsingar og hins vegar að upplýsingar sem gefnar voru standast ekki
 - Tilvist sérfræðikunnáttu af hálfu neytandans getur dregið úr upplýsingaskyldu seljandans
 - Sjá þó **Mál Landsréttar nr. 325/2020 (Dynkur)**

- **Mál Landsréttar nr. 325/2020 (Dynkur)** – Kostnaðaráætlun taki til parhúss í heild eða hluta ?
- Skilgreining á viðsemjanda hefur áhrif á niðurstöðu dómsins
- Matsgerð
 - Sýndi að reikningar verktakar voru nokkuð eðlilegir m.v. Það sem var búið að framkvæma
 - Gefur vísbendingar um túlkun kostnaðaráætlunar
- Úrskurði Héraðsdóms snúið við.
 - Áhrif iðnmenntunar/samningur eftir efni

- **Mál Landsréttar nr. 325/2020** – Kostnaðaráætlun taki til parhúss í heild eða hluta? Frv.
- Landsréttur:
 - Verktaki ber hallann af óskýrleika tilboðs
 - Þjónustukaup - rík upplýsingaskylda
 - Horft til aldurs kaupanda og eðli iðnmenntunar

Hvernig var staðið að samningagerð

Kostnaðaráætlun

- 29. gr. þjkpl: Hafi seljandi þjónustu látið neytanda verðáætlun í té má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun
- 30. gr. þjkpl: Þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun ber honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir.
- Þegar tilboð/kostnaðaráætlun er grundvöllur samnings í þjónustukaupum:
 - Svigrúm til hækkunar umfram verðáætlun takmarkað
 - **L 325/2020 (Dyngkur)**
 - Ber seljandi hallann af óskýrleika
 - Verðáætlun vs. tímavinna
 - **Hérd. E-208/2013 (Rafstuð)**

Spurningar og umræður

Takk fyrir

